

SKEIÐARÁRHLAUPIÐ 1939

Minnispunktur Ragnars Stefánssonar í Skaftafelli

Skrifað samtímis atburðum

Um miðjan maí 1939 veittu menn því eftirtekt hér í Skaftafelli að mjög megna jökulfýla lagði fyrir öðru hvoru og hélt svo fram allan þann mánuð. Ekki var hægt að greina hvort þessi jökulfýla barst fram með Skeiðará, því hún virtist söm og jöfn hér heima og hún var við ána. Um miðjan maí var Skeiðará hægt vaxandi, þó vart væri hægt að fullyrða að um óeðlilegan vöxt væri að ræða.

25. maí. Nú er ljóst að hlaup er að hefjast í Skeiðará, hún vex þótt önnur vötn í nágrenninu standi í stað. Vatn í Skeiðará er nú orðið mjög dökkt, eins og hlaupvatn er vant að vera, mikil jökulfýla er af vatninu.

8. júní. Í dag hefur Skeiðará vaxið allört, en frá 25. maí til 7. júní hefur verið jafn og stígandi vöxtur í ánni og að kvöldi 7. júní telja menn hér að komið sé í hana fyllilega hásumarvatn.

10. júní. Skeiðará vaxandi. Að kvöldi þess dags féll spennustaurinn í landsímalínunni vestan árinna, en í hann var símalínan spennit yfir Skeiðará úr Skaftafellsbrekkum, við Hrafnagil. Með þessu er símasambandslaust yfir Skeiðarársand.

11. júní. Fór í dag inn í Bæjarstaðaskóg. Þá féll aðaláll hlaupsins beint frá útfalli úr jökli við Jökulfell, að Grjóthól og Sniðabrekku.

12. júní. Nú hefur mikið af hlaupinu rutt sér braut austur með Jökulfelli og Bæjarstað og fellur í farveg Morsár, nokkuð austan við skóginn. Þar hefur það nú grafið burtu allháar sandöldur, sem töluverður gróður var kominn í. Einnig hefur það tekið með sér girðingu sem var á sandinum neðan við austanverðan Bæjarstaðarskóg.

15. júní. Hlaupið í verulegum vexti. Aðaláll þess fellur austur með Jökulfelli, síðan fast að Bæjarstað og í farveg Morsár við framanverðan Háls. Að Skaftafelli lendir það við Skollalág og Grjóthól. Frá hlaupinu lónar vatn inn á móts við Skoragil. Annar höfuðáll, en mikið minni klýfur sig frá á móts við Jökulfell og fellur að Skaftafelli við austan verða Sniðabrekku og Prestskóg. Þrjár smáálar kljúfa sig úr þessu vatni og falla í hlaupið á móts við Hrafnagil og Götugil. Þessir álar hafa nú fellt fjóra símastaura til viðbótar þeim sem áður var fallinn, þ.e. spennustaurinn. Jökulfýla er alltaf öðru hverju.

16. júní. Hlaupið heldur tekið að fjara.

17. júní. Í nótt hefur hlaupið fjarað all verulega. Þó mun vera enn meira en tvöfalt sumarvatn í Skeiðará í því. Landssíminn leggur kapp á að komið verði á símasambandi yfir sandinn svo fljótt sem hægt er. Í dag sótti ég ásamt Runólfi Bjarnasyni í Selinu fjóra viðgerðarmenn vestur á miðjan Skeiðarársand. Af völdum hlaupsins var leiðin all torsótt. Hlaupið féll enn fast að hlíðum Skora á móts við Skoragil. Við

urðum því að fara með hestana gegnum skóginn og hlaupið lá fast að Hálsinum framan verðum svo við urðum að fara þar upp skriðurnar og fyrir ofan Bæjarstaðarskóg, yfir Eyrstragil fyrir ofan Steinboga en yfir það vestra við Heitulæki. Sem hestvegur var leiðin öll hræðilega ógreiðfær. Við fórum að heiman kl. 9 að morgni en komum heim kl. 9 um kvöldið.

19. júní. Hlaupið heldur áfram að fjara en þó mjög hægt. Álarnir sem féllu um símalínuna hafa nú fjarað með öllu. Menn telja vatnið þó enn meira en fyllsta sumarvatn. Í dag var byrjað að undirbúa uppsetningu á símalínunni.

20. júní fjaraði Skeiðarárhlaupið töluvert og aðfarar-nótt 21. júní fjaraði það geysimikið. Þann dag heppnaðist að skjóta streng yfir vatnið og næsta dag komst á símasamband. Að því verki unnu 14 menn, 8 menn austan ár en 6 menn vestan ár. Enn er mikið vatn í ánni.

Í dag 22. júní er mikið vatn í öllum jökulám hér því að mjög heitt er í veðri. Hiti mun hafa komist í 27 stig um hádegisbil. Enn er vatn í Skeiðará óeðlilega dökkt og lítillsháttar jökulfýla er í grennd við ána. Finnst ekki annars staðar.

Þetta hlaup var mikið minna en elstu menn hér muna eftir að hafi komið. Það hafði hvergi útfall úr jökli nema við Jökulfell. Farvegur þess við Hrafnagil ætla ég að hafi verið 450–500 m breiður um símalínuna og nokkrir fremur smáir álar vestar. Aldan vestan við farveg hlaupsins virtist mér vera vel 4 m að hæð. Lengi fram eftir sumri lá svo Skeiðará fram með Jökulfelli og Bæjarstað. Hlaupið braut jökulinn dálítið við útfallið. Nokkurt jakahrafl sat þar eftir á sandinum eftir að hlaupið var fjarað og fáeinir stórir jakar við rætur Jökulfells. Nokkrir jakar ekki mjög stórir bárust allt fram á móts við Skaftafellsbæi.

ATHUGASEMD VIÐ MINNSIPUNKTA RAGNARS Í SKAFTAFELLI

Meðan á Skeiðarárhlaupi stóð í byrjun árs 1982 greindi Ragnar Stefánsson mér frá þeim minnispunktum sem hér eru birtir. Þá kom fram að hann telur hlaupið 1939 ekki hafa verið frábrugðið öðrum Skeiðarárhlaupum á neinn hátt, að öðru leyti en því að það kom einu ári frá stórhlaupi og menn hafi ekki haft sagnir af svo litlu hlaupi í Skeiðará eða hlaupi sem hafi runnið svo rólega fram. Er athyglisvert að hann telur ekki að lón hafi þæmst ofan við Skaftafellsjöll. Jökulfýlan af hlaupinu styður þá skoðun hans. — Þá skal þess getið að Ragnar taldi hlaupið 1939 hafa verið nokkuð áþekkt að vatnsmagni og Skeiðarárhlaupið 1982 eða ekki hafi verið stór munur á. *Helgi Björnsson.*